



Víðir, 8. marz 1947

---

Bjarni Benediktsson – Víðir, 8. marz 1947

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmalamaðurinn  
Askja 2-8, Örk 10

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur



# Þiðir

XVIII

Vestmannacyjum, 8. marz 1947

5. tölublað



## Leifur Sigfússon

TANNLÆKNIR

FÆDDUR 4. NÓV. 1892 — DÁINN 25. FEBR. 1947

Leifur Sigfússon, tannlæknir kemdi ekki silfurhætur í sínu húsi; dauða hans bar óvænt og snögglega að höndum um hádegi hinn 25. febrúar s.l. Hann var að vinna skylduverk sín, þegar „maðurinn með ljáinn“ knúði að dyrum.

Leifur var fæddur að Löndum hér í Eyjum, foreldrar hans voru hin alkunnu merkishjón, Sigfús Árnason fyrv. alþingismaður frá Vilborgarstöðum og kona hans Jónína Brynjólfsdóttir, Jónssonar prests að Ofanleiti. Eru ættir þessar báðar landskunnar. Bræður Leifs eru sem kunnugt er þeir Árni og Brynjúlfur kaupmenn hér í bænum; systir hans Ragnheiður hefur dvalið um langt skeið í Vesturheimi.

Snemma bar á því, að Leifur væri óvenju námfús og fór hann í Menntaskólann og lauk þaðan stúdentsprófi vorið 1913; að því loknu sigldi hann til Kaupmannahafnar og lauk þar heimspékiprófi vorið eftir.

Í fyrstu lagði hann stund á læknisfræðinám við Háskólann í Höfn, og mun móðurbróðir hans, hinn merki læknir Gísli Brynjólfsson, hafa hvatt hann til þess. Síðar fór hann í tannlækna-skólann, og lauk þaðan prófi með góðum vitnisburði 1920. Að prófi loknu dvaldi hann í Prándheimi við tannlækningar um tæplega 3ja ára skeið.

Nokkrú síðar réðst hann til tannlæknigastarfa í hinum undurfagra bæ Locarno í Sviss, suður við landamæri Ítalíu, en sá

bær kom mjög við sögu vegna aðseturs stjórnmalamanna stórveldanna og fundarhalda þeirra þar eftir fyrra stríðið. Dásamleg fegurð landslagsins þarna átti að slá inn í sálir manna og gera verk þeirra fögur og varanleg til hagsbóta öllum. Draumar manna og kröfur um að aldrei yrði stríð, áttu þarna að undirbúa og gera að veruleika.

Hvílkar tálvonir!

Leifur kunnir margar lýsingar að gefa í vinalóp af þessum stað, sem hann taldi einn hinn fegursta, sem hann hafði dvalið á.

Í Locarno veiktist hann og varð að fara þaðan og fór til Danmerkur, dvaldi hann þar á heilsuhæli um skeið og náði fullum bata á þeim veikindum. Erfitt mun hann hafa átt heilsuleysisárin, eins og allir sem verða fyrir því að missa heilsuna, og ekki hvað sízt fátækir námsmenn. Heilsan er fátæks manns fasteign. Slíkur afbragðs skilamaður, sem hann var, naut lánsstrausts vina og vandamanna, sem studdu hann þar til komið var yfir erfiðasta hjallann.

Upp úr veru sinni í Danmörku fékkst hann við tannlækningar um 2ja ára skeið í Svíþjóð og undi þar einkar vel hag sínum.

Hingað til landsins kom hann eftir 13 ára dvöl erlendis árið 1926. Munu fáir tannlæknar, ef nokkrir, hafa verið betur menntaðir og æfðir í sinni grein, þegar þeir hafa tekið sér bólfestu hér á landi, en hann var það, því

hann var búinn að afla sér svo mikillar kunnáttu í sinni grein hjá afbragðs mönnum, sem hann hafði unnið hjá og gegnt fyrir í annriku kalli. Hafði hann í hyggju að setjast að í Reykjavík, enda voru þar áhugamenn, sem fast sóttu á að hann gerði það.

Ég var þá nýkominn hingað til Eyja og gerði allt, sem ég gat til þess að fá hann hingað til starfa, enda var mér fullljós þörf héraðsbúa fyrir slíkan mann.

Þekking Leifs í faginu var með afbrigðum góð, hann var vandvirkur, sá fyrir hættur og forðaðist þær og samvirkusamur í verki, svo að af bar. Hann var aldrei rór í geði, ef sjúkling hlekkst á, þó hann ætti þar enga sök á, því fór jafnan fjarri. Kom hann oft til mín að málí ef útaf bar með sjúklinga.

Sá ógleymanlegi afbragðs góði kennari og uppalandi íslenskra læknatæpan síðasta tug fyrri aldar og um það bil fyrsta fjórðung þessarar aldar, Guðmundur prófessor Magnússon, sagði iðulega í kennslustundum: „Ég var að hugsa um sjúkl. N. N., þegar ég var andvaka í nótt.“ Hann var oft andvaka maðurinn sá, enda hendir það oft þá, sem ærukærir eru og ekki vilja vamm sitt vita. Þeir hafa umhyggju, sem gerir þá andvaka, vakna og verða gláðvakandi, og eiga erfitt með að festa blund aftur.

Leifur var afbragðs góður tungumálamaður. Auk Norðurlandamála, talaði hann ensku, þýzku, frönsku og ítölsku.

Á þjóðhátíðinni 1930 fékk landsstjórnin hann til þess að leiðbeina ítölsku sendifulltrúunum, sem hingað komu.

Hann var skipaður hér franskur vícekonsull og hélt því starfi til dauðadags.

Þann 3. ágúst 1939 kvæntist hann eftirlifandi konu sinni Ingrid Jensine, dóttur Steengaards söðlasmiðs í Vejle á Jótlandi. Dvelur hún nú erlendis með einkabarni þeirra hjóna, Nínu að nafni.

Leifur var um nokkurra ára skeið starfandi tannlæknir við

Barnaskólann hér í Eyjum. Starf hans þar var til ómetanlegra þrifa, til heilsuauka og heilsuverndar börnunum, og verður skarð hans þar vandfyllt.

Núverandi bæjarstjórn til verðugs lofs má geta þess, að í haust, er Leifur hugðist að flytja héðan til Reykjavíkur og gerast tannlæknir við barnaskóla þar, sýndi hún skilning og framsýni, með því að bæta svo kjör hans við skólann og aðstöðu hans til dvalar hér að öðru leyti, að hann hvarf frá því ráði.

Leifur var drengur góður, trygglyndur og vinfastur, hafði viðkvæma lund og þoldi illa misgerðir, orðheldinn og ráðvandur svo af bar, og mátti hvergi vamm sitt vita.

Við fráfall Leifs finnst mér eins og skarð hafi komið í Heimaklett og hann ekki vera eins svipmikill og áður.

Leifur var gjörvilegur að vallsarsýn hvar sem hann fór.

Áttahagatryggð hans var frábær. Eyjarnar mega sakna slíkra góðra drengja, sem þær hafa alið og uppfætt.

Þær munu minnst hans, sem eins sinna beztu sona.

Ólafur Ó. Lárusson

## V.b. Hrafnkell Goði sekkur

Klukkan nálægt 5 síðdegis, s.l. þriðjudag lagði vélbáturinn Hrafnkell goði af stað í fiskiróður og er hann sigldi meðfram Ystakletti, nálægt svo kölluðum „Drengjum“ mætti hann vélbátum Jökli, er þá var að koma úr róðri.

Svo sviplega og ótrúlega vildi til, að bátarnir rákust svo hastarlega á að Hrafnkell goði brotnaði mikið og sökk á 5–10 mínútum.

Veður var stillt og bjart, en lítilsháttar austan alda og björguðust allir skipverjar af Hrafn-Framhald á 4. síðu.



# Viðir

kemur út vikulega.

Ritstjóri:

RAGNAR HALLDÓRSSON

Sími 133

Auglýsingastjóri:

ÁGÚST MATTHÍASSON

Sími 103

Prentamiðjan Eyrún h.f.

## Látum Överland tala

Norska skáldið og alþýðusinninn Arnulf Överland, er einn þeirra manna, er gleggsta yfirsýn hefur um þjóðfélagsstefnur og ótæmandi kunnugleik til að bera að geta dæmt um það „lýðræði“, er ríkt hefur, ríkir og ríkja mun undir verndarvæng föður Stalins, þar eystra í ríki hans og annarsstaðar, er hann hefur höggvið klóm sínum, eða er líklegur til að höggva þeim ef tækifæri býðst.

Danska blaðið Politiken skýrir frá umræðufundi er Överland hélt í Stúdentafélaginu í Kaupmannahöfn, fyrir skömmu síðan.

Þar segir m. a.:

Víst er um það að í Rússlandi lesa þeir mismunandi blöð, en það stendur það sama í þeim öllum, þeir fara þar til kosninga og 99 prósent af þjóðinni kjósa og önnur eins þjóðareining hefir aldrei sést. En þegar þjóð skipar sér í eina fylkingu, þá er ekki miskunninni til að dreifa handa þeim, er ekki kjósa að skipa sér í röðina. Sá sem ekki vill vera þar, er dauður og horfinn, þegar minnst vonum varir. Þeir reisa ekki einu sinni krossmark á gróf hans. Svo stórkostlegt svindl viðgengst í sambandi við lýðræðið, að umræður eru, þrátt fyrir allt, vissulega ekki ástæðulausar.

Þessu næst hóf hann að tala um löggjöfina í Sovét, refsiaðferðir, fangelsi og fangabúðir, hreinsanir og ritskoðun, sérstaklega á bókmenntum og listum og bætti við: Ýmsir halda því fram, að byltingin krefjist alltaf fórnar, en í mínum augum er þetta allt meira en nóg. Þeir sem segja að tilgangurinn helgi meðalið hafa í hyggju að nota óprúttar aðferðir til þess að koma sínu fram.

## Ráðinn garðyrkjustjóri

Lesendur bæjarblaða hafa veitt því athygli, að Eyjablaðið hefur eignast nýjan ritstjóra. Sitt af hverju hefur nú sést á prenti fyrri og ýmislegt hafa þeir vinstri ræktað í urtagarði sínum, svo sem lofað var og skrifað stendur.

„Útgerðarstjórinn“ hefur nú skartað á götum bæjarins í heilt ár og hefur aldrei verið feitari og sællegri en þennan tíma og má því líkt segja um hann og stendur í heilagri ritningu, „lítið á liljur vallarins, hversu þær vaxa, þær vinna ekki og þær spinna ekki heldur, en ég segi yður, að jafnvel Salomon í allri sinni dýrð var ekki svo búinn sem ein þeirra.“

Ekki er maðurinn þurftafrukur, því hvorutveggja er, að þeir vinstri hafa ekki fengist til að upplýsa hvort honum væri kaupgreitt og svo hitt, að ekki kemur til mála að bæjarsjóður hafa getað miðlað honum miklu, svo þrautpíndur og mergsoginn, sem hann var, að sögn postulanna.

Nú er sýnilegt að kommúnistar hafa ráðið til sín forstöðumann, fyrir ræktun bæjarbúa, þeirri er heitið var og betri fjólupabba en „Ása í Bæ“ er ekki hægt að hugsa sér. En hann er sýnu verr haldinn að matföngum en útgerðarstjórinn, sem embættið er lítillfjörlegra, því samkvæmt upplýsingum hans sjálfs í ávarpi til lesenda sinna í hinu fyrsta Eyjablaði, þá liggur honum við spýju á almennum samkomustöðum og í mannfagnaði og er að vísu ekki kyn þótt ker-

Hið þétríðna net lögregluspæjara, sem hver einræðisstjórn notar sér til öryggis, forþekar lofið og sémilegt fólk getur ekki þrífist í slíku umhverfi. Það vestlast upp. Överland drap því næst á hin mismunandi launakjör í Rússlandi, bannið gegn ferðalögum til útlanda, hjónaskilnaðartilskipanir og sameiginlega refsiaðbyrgð og sagði: Ef þetta er sósíalismi, þá er ég ekki sósíalísti. Hann lýsti af miklli kýmni kröfum rússneskra yfirvalda til listmálara, um að dýrka í verkum sínum stríðsátak sovétþjóðanna og hið daglega líf sovétborgarans og skyldur þær, sem skáldunum eru lagðar á herðar: að dýrka og upphefja Stalín. Um þetta sagði hann: Það andstyggilegasta við einræðisstjórn er foringjadyrkunin, sem einræðisherrarnir umgírða sig með. Hún var slám í Þýskalandi en ennþá viðbjóðslegri í Rússlandi.

aldrið leki ef athugaður er hinn andlegi arfagrauttur, sem þessi leirkerasmiður nærast á og auk þess er botninn ekki suður í Borgarfirði, heldur alla leið austur í Rússlandi.

Aðeins örfáar fjólar úr urtagarði þessa austrana vitrings „Ása í Bæ“ (samaber „Árni úr Eyjum“, „Sólon Islandus“ og fleiri mikilmenni) nægja til þess að leiða lesendur í allan sannleika um það að spámaður er fæddur meðal vor og að fyrirheitið um ræktun er fram komið, til þess að uppfyllast skuli það, sem skrifað stendur.

Eyjablaðið 17. febrúar anno 1947.

Garðyrkjumaðurinn plantar sínar fyrstu rósir.

„Mánudagar eru leiðinlegir. En sem betur fer er alveg svaka mynd í Samkomuhúsinu. Sundmærin, falletasti kroppur í Hollywood, Boogy Woogy, vilt geim og fjórar feitar“!

Jú, falletur kroppur og mikil fita. Ræktunarstjórinn skilur hlutverk sitt. Sá hófsami boðberi nýs tíma getur þess að hann hafi vegna lítillætis síns tekið sér seti meðal alþýðunnar „og sett undir svalirnar“ en auðvitað er útgerðarstjórinn uppi á svölunum, situr hann stöðu sinnar vana alltaf.

Þetta minnir mann ósjálfrátt á samskonar dæmi úr veraldarsögunni, sem Stefán Zveig lýsir svo meistaralega í „Lögreglustjóra Napoleons“:

„Setaröðin ber vitni um hina fyrstu tilraun til skipulagningar. Í hinum upphækkandi sal, sem er svo lítill, að menn sitja hver upp í öðrum og blása anda úlfúðar og haturs hver framan í annan, eru þeir hægfare, gætnu og glöggur settir neðst í „le Morais“ — fenið — en hinir óþolinmöðu sitja á efstu bekkjunum — fjallinu. Einskonar tákn eða bending um það að múgurinn, almenningur, öreigarnir, sé þeim fylgjandi. Þessir tveir flokkar togast á um völdin. Eftir því hvor sterkari er, rís og hnigur byltingin.“

Og sjálf söguhetjan Joséph Fouché sezt í „fenið“ — það gerir Ási líka — en á „fjallinu“ situr glæsilegasti maður Frakklands, þeirra tíma, Maximilian Robespierre og það gerir líka Páll.

Eftir að hafa yfirgefið garðyrkjustjóranum um stund lítum við nú aftur niður í „fenið“ og sjá: Hann heldur áfram að planta fjólum sínum:

„Og eftirvæntingin titrar í salnum. Og það ekki að ástæðulausu, takið eftir því; það ekki að ástæðulausu.“ „Og síðan kemur þetta stórfenglega, þetta ógleymanlega, þessi sæla: afbakaður jass, stelpa að gutla í vatni (líklega volgu).“

En „Ási í Bæ“ er nú orðinn yfir sig hrifinn af „kroppnum og fitunni“ og eftirvæntingin titrar, hann hugsar sér sundmærina sem fyrirmyndar garðyrkjukonu og það vekur hjá honum svæsnustu afbrýðissemi að „hún kysir strák um leið og hún rekur trýnið upp úr vatninu“ og ekki batnar honum við það að nú kemur líka fram á sjónarsviðið „baritónsöngvari uppblásinn af Hollywoodstíl. — æ, það er annars fullkomið brjálæði að reyna að rekja efnið.“ Því „Ási í Bæ“ er nefnilega líka baritónsöngvari í Hollywood stíl og hon um hefur því sennilega farið eins og manningum, sem sá sjálfan sig í spegli og sagði: „Þetta er ljótur maður“!

Þegar hér er komið sögu fær Ási velgjuna í magann.

„Og biógestirnir hlægja, þeir hlægja einhver ósköp“ segir Ási.

Já manningum uppi á fjallinu er ekkert humbult. Hann hefur fengið betra að borða, er í þetta skapi og áhyggjulaus líkt og fuglar himinsins.

Alþýðan í „feninu“ þarf að vita hvernig hún á að haga sér við hátiðleg tækifæri, þarf að fá vink um það, hvað er sémileg framkoma og hvað ekki og þessvegna plantar garðyrkjumaðurinn nú skilningstré góðs og ills,

og sjá: „Ég hefði farið út í hléinu, ef ég hefði ekki verið búinn að yfirgefa tvær síðustu myndir á þann hátt — Ég fer aldrei út af þremur myndum í röð —“ (Leturbreyting blaðsins).

Til þess að enginn skuli vera í vafa um það, að hér hefur talað maður, sem borinn er til að gegna þeirri háleitu hugsjón, að uppfæða lýðinn, leggja honum heilræði, sitja mitt á meðal hans, og huga að heill hans, þá finnst honum nú líka sjálfagt að láta skína í vígtennurnar, því hér situr hann í húsi hins óhreina Íhalds. Hann segir því:

„Hér vil ég skjóta því inn, að það er svívirðilegt að bjóða fólk upp á kalt húsið.“

Það er óeðlilegt, að manni, sem svo vel tekst að rækta fjólar, mitt í vetrarins hjarta, skuli sjást yfir að meta hlýjuna af hinum „heppilegu kolaverzlun“ flokksbræðranna.

Garðyrkjustjóranum er ljóst,



að þegar hann talar, þá skelfur jörðin og það hriktir í feysknum stöðum þjóðfélagsins, en hann er líka nærgættinn og mildur, er hann segir:

„Vonandi fær enginn slag þótt ég spyrji“

Ekki er það venja ritstjóra, þeirra er hafa hina minni sál, að rita nafn sitt undir hvað eina í blaði sínu, en garðyrkjumenn hafa líka verzlunarvit og kunna því spakmæli Sigurjóns á Álafossi „ef þú kaupir góðan hlut, þá mundu hvar þú fékkst hann!“

Þessvegna er það, að er vér kveðjum fjólupabba, þar sem hann lýkur við síðustu plöntuna í hinu fyrsta blómabeði, þá minnir hann okkur á þetta um leið og hann breiðir út fadmanninn og segir brosandí:

„með kærri kveðju!“  
„Ási í Bæ“

Þetta voru nú aðeins nokkur orð um hin broshýru blóm, sem breiða krónuna móti manni og virka líkt og hláturinn, sem lengir lífið.

En garðyrkjumaðurinn rektar líka tré.

Í Eyjablaðinu, 1. marz birtist grein undir nafninu: Grænland – Ísland – Ameríka (Svalbarð ekki með, því það eyðisker vill enginn eiga).

Fræðarinn skýrir frá því, að Ameríkumanni einum hafi hugkvæmst að bjóða Íslandi inn-göngu í Bandaríkin og hann kemst að þessari niðurstöðu:

„Það fer ekki hjá því, að þeir íslenskir stjórnmálamenn, sem mest Ameríkudekur hafa sýnt, verði gerðir ábyrgir fyrir því, að þingmanni í Bandaríkjunum skuli geta dottið í hug að slytja tillögu sem þessa.“

Ekki er að furða þótt „Ási í Bæ“ yrði undarlegur innan um sig við að horfa á kvikmyndina forðum og sjá allt það ljóta, sem þar gerðist, úr því það er nú komið upp á teninginn, að menn verða gerðir ábyrgir fyrir því, sem hugsað er í öðrum heimsálfum.

Kommúnistapíngmanni einum varð sú skyssa á fyrir skömmu síðan, að skrókva algerlega til um landhelgismál Íslands í umræðum á Alþingi. Hann varð uppvis að ódæði sínu og sjálfum sér til minnkunar frammi fyrir þingheimi og alþjóð.

Garðyrkjumaðurinn plantaði þessu tré feginns hendi í urtagarð sinn og sannast hér hið forn-kveðna, að af ávöxtunum skuluð þér þekkja þá.

Heimsókninni í þennan ódálinsakur er nú lokið að sinni, en síðar mun ég koma þar við, ef

## SAMTAL

um framfarir í Vestmannaeyjum á ársafmæli ráðandi bæjarstjórnar 31. jan. 1947.

Hvað er að fréttá? Eitt og annað.  
Um allt að þvaðra er sjálfsagt bannað.  
Hvað viltu heyra? Um lönd og lýði, sem leika, vingast og eiga í stríði  
Hvað gerist í bænum, í stjórnum og störfum?  
Stenzt það að fullnægja allra þörfum?  
Ef efndir á lofordum öllum standa,  
þeir eflaust bætt hafa úr hverskyns vanda.  
Því ríkir nú hérna Sovét-sæla  
í samtíð og framtíð, nú þarf ekki að væla.  
Þeir veltu úr sessinum, vonum síðar,  
vanrækslu íhaldi, hér og víðar.  
Og því varð hann Ársæll, sá kempukarlinn,  
„kleppsverkið“ inna: á forsetapallinn  
að lyfta honum Árna, þeim laglega pilti,  
er ljóð sín fyrrum við hörpu stillti.  
Í austrænum lýðræðis anda hann stjórnar  
og öreigum gulli frá burgeisum fórnar.  
Og því er nú uppgangur, ársæld og friður,  
að íhaldið féll og þess gamli síður:  
að fara sér hægt, láta starfa og strita,  
stórgróðakóngana ala og fita.  
Nú enginn er fátækur, allir ríkir  
af aurum, í mannúð, í kerleika slíkir,  
að nú gera allir allt fyrir alla  
og enginn má lengur á náungann halla.

Sjá, hér munu rísa upp hallirnar háar  
og hverfi með íbúðir, laglegar, smáar.  
Skólar og sundhöll og sitthvað fleira,  
sóttvörn og baðstofa og langtum meira.  
Gangstéttir allar göturnar prýða,  
glæsilegt verður um þær að líða,  
virðandi, metandi verkin handa  
sem víðsýnis-tákn hinna stóru anda,  
er bæ þennan leystu úr læðingi og villu  
og lyftu honum upp á æðri hyllu.

Nú leitað er uppsprettu í lautum og hólum  
með löngum borum og undra spólum.  
Við sóðaskap öllum við snúum nú bókum  
og sötrum ei lengur af óhreinum þökum.  
Við forköstum úreltum síðum og syndum,  
en sellifir bergjum af tærum lindum.  
Brátt sigla hér hafskip sem bátar að bryggju  
já, berið þið saman þá fyrirhyggju,  
sem var hér, sem er hér og verður síðar  
í víðfeðma tæknilist framfaratíðar.

Samgöngur, ferðalög fram og til baka,  
að fregna um slíkt myndi varla saka.  
Þar hittirðu naglann á höfuðið rétta,  
því hvað er þá nýjung ef ekki þetta:  
Nú þekkest ei meir, að fólk gubbi og góni  
á Gísla Jóhansen með Sigurjóni.  
Sú ómenning hvarf eins og illur draumur,  
svo auðgast að dásæmdum tímans flaumur.  
Nú líða menn sælir um ljósvegu bjarta,  
lítrófa perlum um háhvolfin skarta.  
Um bláloftin þjóta yfir legi og löndum,  
það líkist helzt draumi frá undraströndum.

Um iðjuver, rafmagn og ótal margt fleira,  
að útskýra hvaðeina það er nú meira  
en geti ég komið í línur ljóða,  
sem lítið af sitthverju áttu að bjóða,  
horfið þið aðeins um heimatorgið.  
Sjá, höllin er glæsileg, öllum er borgið.

En hvaðan er allur sá auður runninn,  
sem umrædda velmegun setti á grunninn?  
Ef bæjarútgerð þið kennið og kunníð  
kappa að meta, sem ei hafa runnið,  
þá munið þið brátt fá það skráð – og skilja  
hvað skeður með samtökum, framsýni, vilja.

Af öllu er fremstur þar útgerðarstjóri,  
sá andans jöfurinn, þrekni, stóri.  
Hann stjórnaði fleyi á stríðsins árum  
í stórhriðum, vopnagný, söllum bárum.  
Hann stjórnaði fyrrum á landi líka  
og leitt hefur bæði snauða og ríka.  
Hann stutt hefur bæjarins stjórn og gengi,  
hann stutt hefur „ríkið“ bezt og lengi.  
Hann forðum til alþingis fíki stefndi  
og fögur loford að sjálfsgöðu efndi  
Svo eins og þið sjáið af sögunni minni,  
hann sjálfkjörinn stjórnar útgerðinni.

En hvar eru skipin, sem fiska og flytja  
forða í búin til allra nytja?  
Þú skilur ei nýsköpun nútímans stóra,  
það nægir að hafa útgerðarstjóra.  
Það skiptir ei máli um fiska og fleytur,  
sé forstjórinn alinn og nógu teitur.  
Ef íhaldsmenn vilja að úreltum leiðum,  
ýta fram bátum og hafa á veiðum,  
og gráðugir þorskarnir, gulir að vanda,  
góðfúsir vilja að nýsköpun standa,  
þá verða þeir rauðu nú viðbragðsfljóti,  
að vanda slyngir, í flestu skjóti.  
Með verkfalli stöðva þeir hersveit horska,  
þeir hafa ekki brúk fyrir sjávarþorska.

Hvað, trúirðu ekki, eða vantar þig vilja?  
Þig víðsýni brestur að sjá og skilja  
núttíma stórhug og töfratækni.  
Þú talar um iðni og skyldurækni.  
Nei, þesskonar úreltum almúgadyggðum  
mun ofaukið verða í framtíðarbyggðum.

Hvað segirðu um forkólfa Framsóknar?  
Þeir féllu við síðustu kosningar.  
Þeir angruðu krata og komma líð,  
en kitluðu bara íhaldið.  
Og því er nú bæjarins hagur hærri,  
að hvergi koma þeir lengur nærri.  
Þeir lífa samt ennþá á voðum og vini  
og vörum, sem helzt líkjast postulíni.

Berðu svo kveðjurnar mögum og meyjum,  
allt miði til farsældar Vestmannaeyjum.

Gestur.

tækiferi býðst og vissulega mun  
blómunum fjölga og trén hækka  
þegar vorið kemur og daginn

lengir, því Eyjablaðið hefur nú,  
eins og áður eignast húsbónda,  
sem nýtur þess af innsta grunni

hjartans „að moka skít fyrir ekki  
neitt“ á menn og málefni.



## Bæjarfréttir

### Iðnaðarmannafélagið.

Þann 25. f. m. var haldinn aðalfundur Iðnaðarmannafélags Vestmannaeyja. Stjórn félagsins var endurkosin, en hana skipa:

Guðjón S. Scheving formaður, Magnús Magnússon ritari, Oddur Þorsteinsson gjaldkeri og Óskar Kárason fjármálaritari.

Fundurinn kaus einnig Iðnskólanefnd og voru í hana kosnir þeir Haraldur Eiríksson, Magnús Bergsson, Ólafur St. Ólafsson, Vigfús Jónsson og Þórarinn Óla.

### Ferðafélagið

gekkst fyrir því að fá Guðmund Einarsson frá Miðdal, hing að s.l. laugardag og sýndi hann hér litskreytta kvikmynd, er tekin hafði verið á ýmsum ferðalögum Ferðafélags Íslands. Myndin var fjölbreytt að efni og hin fegursta, en illa tókst til með íslenzku lögin, sem leikin voru meðan á sýningunni stóð, því bæði voru þau ramfölsk og trufluðu útskýringar Guðmundar. Margt fólk horfði á sýninguna.

### Kirkjukór Vestmannaeyja

hafði samsöng í Landakirkju s.l. sunnudag, við húsfylli og þótti söngurinn takast vel, eftir atvikum, en eins og allir bæjarbúar vita, þá hefur um langan tíma ekkert nothæft hljóðfæri verið í kirkjunni og ekki ennþá fundnir möguleikar til að bæta úr því á viðunandi hátt.

### Guðni Albertsson

kom hingað til bæjarins fyrir nokkru síðan og efndi til söngskemmtunar í Samkomuhúsinu. Það var mjög leiðinlegt hve sárafátt fólk hlýddi á sönginn. Slíkar viðtökur særa þá listamenn, sem fyrir þeim verða.

Guðni hefur mikla söngródd og á köflum fallega, en fáir tilheyrendur og frámunalega lélegt hljóðfæri munu hafa valdið því að hann naut sín þarna ekki til fulls.

### Landakirkja

Sjómannamessu á morgun kl. 2 e. h.

### Betel

Samkoma á morgun kl. 4,30 og alla fimmtudaga kl. 8,30.

### Aðalfundur

Rauðakross deildar Vestmannaeyja verður haldinn sunnu daginn 23. þ. m.

# Viðir

## „Hvað er það sem hoppar og skoppar“

Úr kjötkötlunum Kaupfélagsins rýkur þar kemur margur snauður, lár er ríkur af æðri mennt, en eilífið hvers er falin andans mikla jöfur — föður Stalin. Þeir veita brauð og vinnu mörgum hrjáðum en vel að merkja — eftir beztu ráðum. Í áratug því Ási hefur hoppað en ekki nokkurn minnsta bita kroppað. Og drengur hefur dinglað sinni rófu og dillað henni framan í þá mjóu, en fékk þar aldrei bein, og fær ei enn. Ferðu ei að skilja? Þá vantar bara menn. Þeir reikna dæmið rétt, með sveitta skalla og reyna að láta hismið burtu falla og því er það, að Ási er ennþá gleymdur og útkoman því verður: „núll er geymdur.“

## Hraðfryst

kindalifur og hjörtu

ISHÚSIÐ

## 50 prósent afsláttur

af kvenkápum, kjólum og drögtum.

Verzlunin Þingvellir

## Nýkomið:

Maismjöl

Verzlunin Þingvellir

## Hrafnkell sekkur.

Framhald af 1. síðu. Katli goða, yfir í Jökul. Tveir aðrir bátar voru þarna einnig á næstu grösum.

Jökull laskaðist ekkert við áreksturinn.

Hrafnkell goði var 53 smálestir, byggður í Karlskrona árið 1930 og var keyptur til Eyja árið 1939. Ný vél var sett í hann s.l. vor.

Hann var eign Tangabátanna h.f. og einn af beztu bátum hér í Eyjum.

## Nýkomið linoleum

Helgi Benediktsson

## Blóm

Ódýr þurrkuð blóm til sölu í

VERSLUN

Einars Lárussonar

## Borgarness-

Skyr  
Rjómi  
Smjör  
Mysuostur  
45% ostur

ISHÚSIÐ

## TILKYNNING

Samkv. 2. gr. laga nr. 96, 9. des. 1946 bera atvinnurekendur ábyrgð á útsvarsgreiðslu útlendinga þeirra er þeir hafa í þjónustu sinni. Til tryggingar ábyrgð þessari og ábyrgð á ríkissjóðssköttum, er kaupgreiðendum heimilt að halda eftir allt að 20% af launinum og allt að 35% ef launin nema meiru en kr. 1000,00 í grunnkaup á mánuði.

Tryggingarfénu ber að skila til innheimtumanna innan 6 virkra daga frá útborgunardegi.

Vestmannaeyjum, 26. febrúar 1947

BÆJARGJALDKERI

## Stúlku

vantar mig til afgreiðslu í brauðsölubúð

Karl Ó. J. Björnsson

Viðidal.

Undirritaður tekur að sér

## Myndainnrömmun

Mikið úrval af rammalistum.

Guðm. Kristjánsson

Faxastíg 27

## Allt á einum stað

Kjötfars  
Fiskfars  
Hakkað nautakjöt  
Hakkað kindakjöt  
Hangikjöt  
Rúllupylsa reykt og óreykt  
Kæfa  
Hamflettur rjúpur

BÆJARBÚÐIN H.F.

(Kjöt & Fiskur)

Sel tilbúna

K Á P U R

Gíslína Magnúsdóttir  
Baldurhaga.

Lína  
Stampar  
Net

Kúlur og fleira til sölu.

Ingvar Þórólfsson